

Minnisblað - 1904034

Til: Sveitarstjórnar

Minnisblað samið af Kristjáni Inga Arnarssyni, umsjónarmanni framkvæmda

Efni: *Tillögur að markmiðum og helstu skilmálum vegna útboðs á sorphirðingu.*

Dags.: 11. 02.2020

Samningur Dalabyggðar við Terra um sorphirðu rann út um áramótin síðustu en var hann framlengdur til 1. ágúst 2020. Taka þarf saman upplýsingar og móta stefnu um úrgangsmál svo hægt sé að bjóða út þjónustuna í samstarfi við Ríkiskaup.

Umsjónarmaður framkvæmda, sveitarstjóri og umsjónarmaður fasteigna heimsóttu Stykkishólm, Snæfellsbæ og Borgarbyggð til að kynna sér stöðu sorpmála þar, ásamt því að hitta Stefán Gíslason ráðgjafa hjá Environice í Borgarnesi. Neðangreindar tillögur eru að talsverðu leiti mótaðar út frá þeim upplýsingum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt helstu atriði á fundi nefndarinnar 7. Febrúar sl.

Tillögur um markmið og skilmála í útboði:

Útboðsgögn og almenn atriði samnings:

- Útboðslýsingin taki til markmiða og skilmála um sorphirðingu og meðhöndlun en fari ekki út í nákvæmar tæknilegar útfærslur. Þjóðendum verður þannig gefinn kostur á að koma með hagstæðar tillögur að búnaði eða tilhögun hirðingar.
 - Skilgreina þarf markmið um annars vegar þjónustu við íbúa og stofnanir og hins vegar meðhöndlun úrgangs út frá umhverfissjónarmiðum.
- Gert er ráð fyrir þriggja ára samningstíma með möguleika á framlengingu um 3 ár til viðbótar.
- Fyrirvari þarf að vera um að lögum og reglum á hverjum tíma verði fylgt. Ekki útilokað að gera þurfi breytingar á samningstíma í kjölfar laga- og/eða stefnubreytinga.
- Öllu skilgjöld á úrgangi frá Úrvinnslusjóði og öðrum aðilum renni beint til verktaka. Þannig næst sem mestur hvati á góðri flokkun og umsýslu úrgangs.
- Rekstur og umsjón gámasvæði verði alfarið í höndum verktaka. Hann gefi verð í leigu á gámum og tæmingar. Hann sjái um opnunartíma og annan rekstur svæðisins á samningstíma.
- Verktaki sjái um fræðslu og upplýsingar. Sérstaklega verður lögð áhersla á það í upphafi.
- Umsjón með urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Höskuldsstaða og söfnun dýrahræja verði áfram í höndum Dalabyggðar.

Söfnun úrgangs frá heimilum og stofnunum:

- Tunnur verða við öll lögbýli og íbúðir í dreifbýli og í Búðardal.
- Krafa um sérsöfnun á þessum flokkum við heimili og stofnanir:
 - Lífrænn úrgangur (verktaki metur hvort „tunna í tunnu“ sé fýsilegur valkostur)
 - Almennt sorp (óflokkanlegt)
 - Pappír og plast. Gera þarf fyrirvara um mögulegar lagabreytingar sem eru í bígerð. Gæti þurft að safna pappír og plasti í sitt hvoru ílátinu.

- Lífrænt og almennt sorp verði losað að jafnaði á mánaðarfresti, en tvisvar í mánuði yfir sumartímann. Áætlaður fjöldi losana um 16 skipti á ári.
 - Stærð ílát í samræmi við áætlað magn af hvorum flokk frá heimilum.
- Endurvinnsla sé safnað sjaldnar. Verktaki komi með tillögu að tíðni. Útboðslýsing bjóði upp á sér tillögu fyrir dreifbýli þar sem ílát geta t.d. verið stærri og losanir færri.
- Verktaki eigi allar nýjar tunnur og Dalabyggð greiði leigu. Leigan sé þannig að sveitarfélagið eignist tunnurnar í lok samningstíma að viðbættri framlengingu. Sveitarfélagið geti þó greitt upp eftirstöðvar af tunnum, verði samningur ekki framlengdur.

Söfnun úrgangs frá sumarhúsum og aðrir úrgangsflokkar:

- Söfnun úrgangs frá sumarhúsum verður yfir sumartímann (t.d. miðjan maí til miðjan september). Svipuð sorpílát og kæmu við heimili verði sett upp víða um sveitina. Þeim yrði stillt upp og fest við einfalda slá, sem sett yrði varanlega á hverjum stað. Hver staður myndi þjóna nokkrum sumarhúsum og staðsetning og stærð ílát valin eftir fjölda og ferðaleiðum sumarhúsaeigenda.
 - Stöðvarnar þurfa að vera aðeins utan alfaraleiðar. Þó þannig að aðgengi sé gott til hirðingar og á vísun stað fyrir húsaeigendur, sem þyrftu að fá kynningu á hvar næstu ílát yrði að finna.
 - Tunnur yrðu svo fjarlægðar yfir vetrartíma en sumarhúsaeigendum t.d. gert mögulegt að losa sig við sorp á gámasvæði í Búðardal.
 - Sumarhúsaeigendum standi til boða að fá tunnur heim að húsi og reglulega hirðingu líkt og heimili. Þeir greiði þá sama gjald og heimili sem fá slíka þjónustu.
- Fljótlega verður skylt að sérsafna gleri og málmum. Textíl er svo væntanlegt í þá skyldu innan fárra ára. Þessum flokkum má safna í grenndarstöðvum, sem hjá okkur yrðu lúgurnar við gámasvæðið. Þar yrði áfram hægt að losa sig við úrgang til endurvinnslu.
- Bílhræ verði hluti af útboði og sjái verktaki um móttöku, flutning og alla umsýslu.
- Söfnun á rúlluplasti verði sinnt af verktaka. Hirðingar væru á fyrirfram ákveðnum tímum og verktaki (t.d. bílstjóri) sæi um öll samskipti við bændur.
 - Verktaki ákveði tíðni hirðingar, en fari að lágmarki 4 sinnum á ári.